

# Spítalinn okkar – landssamtök um uppbyggingu nýs húsnæðis Landspítala

## Skýrsla stjórnar starfsárið 2018

### Tilgangur og markmið

Tilgangur félagsins er að stuðla að nýbyggingu og endurnýjun Landspítala háskólasjúkrahúss, þannig að húsakostur, tæknibúnaður og aðstaða sjúklinga og starfsfólks spítalans þjóni nútímaþörfum.

Markmið félagsins er að efla stuðning og skilning meðal almennings og stjórnvalda á nauðsynlegum úrbótum á húsakosti spítalans þannig að:

Þjóðin sé upplýst um þarfir fyrir aðstöðu til spítalþjónustu vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar og breytinga í aldurssamsetningu þjóðarinnar, ásamt framförum í þjónustu og meðferð.

Almenningi sé kunnugt um fyrirliggjandi áætlanir um endurnýjun og viðbætur húsnæðis Landspítala.

### Aðalfundur

Aðalfundur *Spítalans okkar* var haldinn á Icelandair Hótel Natura þann 15. mars árið 2018. Fundinn sátu 28 félagar. Á fundinum kom m.a. fram að stjórnin lagði mikið af mörkum við að svara fullyrðum í fjölmiðlum á árinu 2017 um að uppbygging Landspítala við Hringbraut væri vanhugsuð og röng og að mikilvægt væri að fara í nýja staðarvalsgreiningu fyrir nýtt þjóðarsjúkrahús. Stjórnin tók saman greinargerð um staðarvalsferlið sem hægt er að nálgast á heimasíðu samtakanna.

Á aðalfundinum voru endurkjörnir í stjórn: Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur, formaður, Gunnlaug Ottesen, stærðfræðingur, Jón Ólafur Ólafsson, arkitekt, Kolbeinn Kolbeinsson, byggingarverkfræðingur, Oddný Sturludóttir, aðjunkt og verkefnastjóri í HÍ og Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri. Sigríður Rafnar Pétursdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Í stjórn var kjörin Guðrún Björg Birgisdóttir, lögmaður á Lögmannsstofunni Logia.

## Stjórnarstarfið

Stjórn *Spítalans okkar* hélt 14 fundi á starfsárinu. Á fyrsta fundi eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum, Þorkell Sigurlaugsson var kjörinn varaformaður, Oddný Sturludóttir ritari og Kolbeinn Kolbeinsson gjaldkeri. Fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu samtakanna, [www.spitalinnokkar.is](http://www.spitalinnokkar.is).

Stjórnin hefur varið talsvert miklum tíma á undanförunum árum við að verja uppbyggingu Landspítala við Hringbraut. Endurtekið blossar upp umræða í fjölmiðum og á samfélagsmiðlum um að ekki hafi verið vandað til staðarvalsins við Hringbraut og að miklu hagstæðara væri að byggja á öðrum stað á höfuðborgarsvæðinu. Stjórnin hefur tekið saman gögn um þau mörgu matsferli og röksemdafærslu að baki staðarvali við Hringbraut, sem þegar liggja fyrir. Þau má nálgast á heimasíðu samtakanna. Málið hefur oft og ítarlega verið skoðað á undanförunum árum og niðurstöður ávallt verið á þann veg að best og hagkvæmast sé að byggja nýtt sjúkrahús við Hringbraut. Þá hefur Alþingi ályktað mótatkvæðalaust í þrígang á undanförunum árum með lagasetningu og samþykkt þingsályktunar um að framtíðaruppbygging Landspítala skuli vera við Hringbraut í Reykjavík.

Á árinu 2018 lögðu þingmenn Miðflokksins fram á Alþingi þingsályktunartillögu um óháða faglega staðarvalsgreiningu fyrir nýtt þjóðarsjúkrahús. Stjórn *Spítalans okkar* sendi inn umsögn um tillöguna. Að mati stjórnar snérist þingályktunartillagan um að hverfa frá vönduðu og faglegu undirbúningsferli fyrir nýtt þjóðarsjúkrahús við Hringbraut og finna sjúkrahúsinu nýjan stað. Staðarvalsgreining sem þessi er gríðarlega umfangsmikið verkefni sem ekki verður hrist fram úr erminni á örfáum vikum. Ætla má að slíkt verkefni taki eitt til tvö ár ef vel á að vera. Það myndi tefja framkvæmdir um 5-10 ár.

Tillaga Miðflokksins var felld á vormánuðum 2018, en endurflutt í september síðastliðinn og er nú til umfjöllunar í velferðarnefnd þingsins. Stjórnin ítrekaði sína fyrri umsögn um þingályktunartillöguna á haustmánuðum.

## Byggingaverkefnið

Stjórn *Spítalans okkar* fundar ~~öðru hvoru reglulega~~ með framkvæmdastjóra NLSH og fylgist þannig með framgangi byggingaverkefnisins.

Mikilvægir áfangar í byggingu nýs Landspítala við Hringbraut náðust á síðasta ári. Vinna við gatnagerð og jarðvinnu vegna framkvæmda við meðferðarkjarna

hófst í lok sumars og eru á áætlun. Mikið jarðrask er á Landspítalalóðinni með tilheyrandi erfiðleikum fyrir sjúklinga og starfsfólk. Fljótlega lýkur þó framkvæmdum sem eru í mikilli nálægð við starfsemi spítalans.

Skóflustunga að nýjum meðferðarkjarna var tekin í október að viðstöddu fjölmenni. Við athöfnina sagði Páll Matthíasson forstjóri Landspítala; „Þetta eru stærstu tímamót í sögu Landspítala frá því að Landspítali reis fyrst hér við Hringbraut fyrir tilstilli íslenskra kvenna. Mér er efst í huga þakklæti fyrir elju þeirra sem barist hafa fyrir verkefninu í áratugi og þeirra sem nú fylgja því úr hlaði“.

Um svipað leyti var byggingaleyfi fyrir meðferðarkjarnann samþykkt hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík.

Meðferðarkjarninn er stærsta og flóknasta framkvæmd Hringbrautarverkefnisins. Með tilkomu hans verður mikil og jákvæð breyting á aðstöðu sjúklinga, aðstandenda þeirra og starfsfólks. Þar verður öll bráðastarfsemi spítalans, 210 legurými, sem öll verða á einbýlum, auk þess sem rýmum fjölgar á gjörgæslu- og móttökudeild. Hönnun meðferðarkjarnans er á lokametrunum, stefnt er að því að framkvæmdir við uppsteypu geti hafist í lok þessa árs og að byggingarnar verði tilbúnað á árinu 2024.

Skrifað var undir samning um fullnaðarhönnun rannsóknarhúss. Samið var við hönnunarteymið Corpus, sama hönnunarteymi og nú vinnur að fullnaðarhönnun meðferðarkjarnans. Bygging rannsóknarhúss er annað stórt verkefni, það mun hýsa rannsóknarstofur spítalans, þar með talinn er Blóðbankinn. Það verður breyting til batnaðar þegar rannsóknastarfsemi Landspítala sameinast undir einu þaki.

Lesið má um framkvæmdirnar á Hringbrautarlóðinni á heimasíðu Nýs Landspítala [www.nyrlandspitali.is](http://www.nyrlandspitali.is)

Framkvæmdum við sjúkrahótelinu lauk seint á árinu 2018, en framkvæmdin tók miklu lengri tíma en áætlað var, eða rúmlega einu og hálfu ári á eftir áætlun. Húsið var afhent Landspítala til notkunar í janúar á þessu ári. Landspítali stefnir að því að opna hótelið fyrir gesti 1. apríl næstkomandi og það er sannarlega mikið fagnaðarefni að húsið komist loksins í notkun. Þann 31 janúar síðastliðinn hafði NLSH opið hús fyrir gesti og gangandi og lögðu margir leið sína í húsið. Öll aðstaða í sjúkrahótelinu er til fyrirmyndar og það verður mikill akkur fyrir starfsemi Landspítala.

*Spítalinn okkar* hefur frá upphafi lagt áherslu á að ekkert megi verða til að tefja byggingarframkvæmdirnar og hönnunarferli nýs Landspítala við Hringbraut.

Helstu rökin fyrir því er gamalt og úrelt húsnæði Landspítala sem svarar ekki kröfum um nútíma heilbrigðisþjónustu. Einnig er starfsemi Landspítala dreifð um höfuðborgarsvæðið sem hefur í för með sér umtalsverð óþægindi fyrir sjúklinga og starfsfólk og aukinn kostnað fyrir samfélagið.

Stjórn *Spítalans okkar* er á einu máli um að allar tafir á byggingaverkefnum skaði starfsemi Landspítala og þar með heilbrigðisþjónustuna á Íslandi.

### **Lokaorð**

*Spítalinn okkar* hefur notið stuðnings ýmissa aðila við kynningarstarfið.

*Þekking hf.* hýsir tölvupóst samtakanna okkur að kostnaðarlausu og *Stefna hugbúnaðarhús* hýsir heimasíðu samtakanna okkur að kostnaðarlausu. Þeim er þakkað fyrir velvilja í garð samtakanna.

Stjórnin ítrekar að hröð uppbygging Landspítala er hagsmunamál allra Íslendinga enda höfum við dregist hratt aftur úr öðrum þjóðum á undanförunum árum hvað varðar aðstöðu og húsnæði fyrir heilbrigðisþjónustu

Stjórnarfólki í *Spítalanum okkar* er þakkað fyrir sérstaklega ánægjulegt og óeigingjarnt starf í þágu samtakanna og félagsmönnum samtakanna fyrir stuðninginn við okkar mikilvæga verkefni. Áframhaldandi stuðningur ykkar er ómetanlegur. Okkar verkefni er hvergi nærri lokið.

Anna Stefánsdóttir, formaður stjórnar.